

Fundir umhverfisnefndar skólaárið 2025-2026

2. fundur 17. október 2025 kl. 8:20

Mættir: 1. Díana Sigurdís, 2. Athena Ýr, 3. Ásmundur, 4. Jón Þór fyrir Unnstein, 5. Filip, 6. Arnþór og Magnús Ingi, 7. Helgi, 8. Þóra, 9. Valgarður, 10. Verónika og Ólöf. Vantar Unnstein 4. bekk, Ingibjörgu 8. bekk og Hrafn í 9. bekk. Sigríður Lára sem ritar fundargerð

Fundargerð:

- Jól í skókassa, þarf að fara að vinni í því, síðasti skiladagur er 31. október.
- Hefur ekki tekist að gróðursetja tré eins og til stóð vegna rigninga og bleytu. Eyvi ætlar að hjálpa okkur ef tækifæri gefst.
- Matarvigtunarverkefni í nóvember, í fyrri vikunni vita krakkarnir ekki af vigtun en vita af henni í seinni vikunni. Markmiðið að gera betur en síðast en þá var sóunin í fyrri vikunni 14.120 g og 9.685 g í seinni vikunni. Óvenju mikil sóun í matarvigtun á síðasta ári miðað við t.d. nóvember 2023 en þá leyfðu nemendur og starfsmenn 3.657 g. Ákveðið að ef náum betri árangri en síðast fá allir köku eða ís í eftirrétt.
- Þemavika - hugmyndir; listræn og skapandi verkefni, teikna mynd af skólanum, veggspjöld, afmælisveislu, skemmtikraft, kort af Hvalfjarðarsveit, kjúklingasúpa og afmælistaka, litapema, fá fyrrum nemendur til að koma og segja frá skemmtilegum minningum úr Heiðarskóla, lítil gjöf fyrir nemendur og starfsmenn á leið til landsins, er reyndar föst í Hollandi.
- Gátlistar klárir, markmið ársins þurfa að snúa að:
 - ♣ Örnefnum
 - ♣ Vistheimt og landhnignun - hugtökin.
 - ♣ Framandi tegundir
 - ♣ Heimili barna
 - ♣ Fóðra fugla
 - ♣ Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna
 - ♣ Áætlun um útikennslu í flestum námsgreinum
- Önnur mál: Engin

Fundi slitið kl. 8:50

